

**Nd. 772. Frumvarp til laga [454. mál]**

um breytingu á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

1. málsg. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 11/1981) orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 600 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er svo mikið fatlað að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Í nágildandi lögum um tollskrá er heimilað að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir þá sem á bifreið þurfa nauðsynlega að halda vegna fötlunar. Með þessu frumvarpi er lagt til að fjölga þeim í 600, eða um 50 bifreiðar.

Á síðustu árum hefur tollalögum verið breytt verulega að því er tekur til tollaívilnana vegna bifreiða fatlaðra. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um fulla niðurgreiðslu aðflutningsgjalda af allt að 40 bifreiðum þeirra sem við mesta fötlun búa, og áður hafði endurnýjunartími verið rýmkaður.

Hins vegar eru nú á biðlista eftir síðustu úthlutun nokkrir tugir fatlaðs fólks sem allan rétt átti á lækkun aðflutningsgjalda af bifreið og þurfti þess nauðsynlega með, en ekki var unnt að sinna umsóknum þeirra þar sem leyfin voru aðeins 550. Aukning um 50 leyfi er talin leysa vanda margra þeirra sem mest þurfa þess með.

Við síðustu úthlutun í febrúar s. l. nam lækkunin 84 000 kr. fyrir hverja bifreið auk niðurfellingar söluskatts. Mun láta nærri að alls væri upphæðin 100 000 kr. á hverja bifreið. Kostnaður við þessa aukningu nemur því u. þ. b. 5 millj. kr. og fer næsta úthlutun fram í febrúar 1986.

Til samannburðar má benda á að hér er um að ræða **jafnvirði 11 launaauka til bankastjóra til bifreiðakaupa**, en um 20 bankastjórar njóta nú þeirra fríðinda.